



**Umhverfisstofnun**

Environment and Food Agency of Iceland

Skipulagsstofnun  
Auður Ýr Sveinsdóttir  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

Suðurlandsbraut 24  
IS - 108 Reykjavík, Ísland

Ø (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

[umhverfisstofnun@ust.is](mailto:umhverfisstofnun@ust.is)

[www.umhverfisstofnun.is](http://www.umhverfisstofnun.is)

Reykjavík, 9. maí 2005  
Tilvísun: UST20040600135/sf

### Efnistaka úr óshólmum Eyjafjarðarár, Eyjafjarðarsveit. Frekari umsögn.

Vísað er til tölvupósts frá Skipulagsstofnun þann 20. apríl sl. þar sem óskað er frekari umsagnar Umhverfisstofnunar vegna frekari gagna sem borist hafa Skipulagsstofnun varðandi efnistöku úr óshólmum Eyjafjarðarár.

Í svörum framkvæmdaraðila við umsögn Umhverfisstofnunar dags. 18. mars. sl. kemur fram það sjónarmið að Umhverfisstofnun gangi lengra í umsögn sínni en ástæður séu til miðað við þær upplýsingar sem fram koma í skýrslu um fugla á Leirunni fyrir botni Eyjafjarðarár frá janúar 2005. Framkvæmdaraðili telur óraunhæft að alhæfa að allt svæðið norðan tangans sé óráðlegt til efnistöku með tilliti til fuglalífs eins og gert sé í umsögn Umhverfisstofnunar. Er í því sambandi m.a. bent á að mikilvægasta svæðið fyrir fugla sé leiran sem kemur upp á fjöru í nyrðri hluta lónsins og nær frá austurbakkanum vestur í mitt lónið. Um 7500 m<sup>2</sup> svæði inn með Eyjafjarðarbraut eystri komi ekki upp á stærstu fjörum og leggur framkvæmdaraðili til að efnistakan fari fram innan þess. Efnið yrði þá numið um 10 m frá vegi á um 6000-7000 m<sup>2</sup> svæði og unnið niður á allt að 6,5 m dýpi í stað 2-4 m eins og fyrri áætlanir gerðu ráð fyrir.

Umhverfisstofnun bendir á að það er rétt sem fram kemur í svörum framkvæmdaraðila að skv. fyrrgreindri skýrslu um fuglalíf er mikilvægasta fæðusvæðið fyrir vaðfugla á talningarsvæði 5 leiran norðan tangans sem gengur vestur í mitt lónið um miðbik þess. Í skýrslunni eru þó ekki eingöngu gerðar athugasemdir við efnistöku á leirunni sem kemur upp á fjöru heldur við efnistöku á nyrðri hluta lónsins. Kemur þetta mjög skýrt fram í skýrslunni en þar segir m.a.:

*„Að okkar mati væri vænlegast að taka efni sunnan áðurnefnds tanga eða norðan Leiruvegar. Lakasti kosturinn væri að dæla upp úr nyrðri hluta lónsins vestan og norðan leirunnar sem kemur upp á fjöru.“* [leturbreyting UST]

Efnistaka á þessum hluta lónsins er því vart forsvaranleg, óháð því hvort efnistakan er á sjálfri leirunni sem kemur upp úr á fjöru eða þar fyrir utan. Umhverfisstofnun bendir jafnframt á að 6-8 m djúp gryfja sem myndast við efnistöku utan við leiruna mun væntanlega kalla á tilflutning á efni innan svæðisins. Sá flutningur á efni getur haft áhrif á leirusvæðið og raskað því.

UST

Þau frekari gögn sem Umhverfisstofnun hafa borist breyta í engu fyrri afstöðu stofnunarinnar,  
sbr. umsögn dags. 18. mars. sl.

Virðingarfyllst,



Sigurrós Friðriksdóttir  
tagsviðsstjóri



Helgi Jónsson  
forstöðumaður framkvæmda-  
og eftirlitssviðs